

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2284

2017/EES/10/29

frá 25. nóvember 2015

um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/621/EBE að því er varðar fastsetningu á hámarksgildi fyrir erúkasýru í olíum og fitu og reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006 um tímabundna áætlun um endurskipulagningu sykuriðnaðar (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 42. gr. (fyrstu málsgrein), 43. gr. (2. mgr.) og 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aukið gagnsæi í löggjöf Sambandsins er mikilvægur þáttur í áætlun um betri lagasetningu sem stofnanir Sambandsins eru að hrinda í framkvæmd. Í því samhengi þykir rétt að fella þær réttargerðir úr gildi sem ekki hafa lagalegt gildi lengur.
- 2) Eftirfarandi réttargerðir, sem varða sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, eru orðnar úreltar þó að þær séu formlega enn í gildi:
  - Tilskipun ráðsins 76/621/EBE <sup>(3)</sup>. Inntak þeirrar tilskipunar var tekið inn í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 <sup>(4)</sup>.
  - Reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006 <sup>(5)</sup>. Tímabundna áætlunin, sem komið var á fót með þeirri reglugerð, gilti einungis til markaðsársins 2009/2010.
- 3) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga ætti að fella þessar úreltu réttargerðir úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 76/621/EBE og reglugerð (EB) nr. 320/2006 eru felldar úr gildi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Álit frá 1. júlí 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. nóvember 2015 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Tilskipun ráðsins 76/621/EBE frá 20. júlí 1976 um mesta leyfilegt magn erucic-sýru í olíu og fitu sem ætluð er til manneldis og matvælum sem innihalda viðbætta olíu eða fitu (Stjtið. EB L 202, 28.7.1976, bls. 35).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

(5) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 320/2006 frá 20. febrúar 2006 um tímabundna áætlun um endurskipulagningu sykuriðnaðar í Bandalaginu og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1290/2005 um fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar (Stjtið. ESB L 58, 28.2.2006, bls. 42).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

N. SCHMIT

*forseti.*

---